

ÍSLENSK-DÖNSK ORÐABÓK

Sýning í tilefni af aldarafmæli
Orðabókar Sigfúsar Blöndals
opnuð í Þjóðarbókhöllu 2. október 2020




Íslensk–dönsk orðabók kom út á árunum 1920–24.

Bókin er 1052 blaðsíður og hefur að geyma 106.000 uppflettiorð. Orðabókin er lykilverk í íslenskri orðabókasögu og er enn stærsta íslenska skýringaorðabókin sem hefur verið unnin til þessa. Allar orðskýringar í bókinni eru á dönsku.

SAMVINNUVERKEFNI HJÓNA

Íslensk–dönsk orðabók er að mestu leyti samvinnuverkefni hjónanna Sigfúsar og Bjargar Þ. Blöndal sem þau hófu í Kaupmannahöfn á fyrsta hjónabandsári sínu. Unnu þau svo stöðugt að orðabókinni næstu 17 árin en sökum fastra starfa Sigfúsar á Konunglega bókasafninu er ljóst að hlutur Bjargar hefur síst verið minni en hans við orðabókarstarfið. Í júní 1917 fékk Sigfús 14 mánaða leyfi frá starfi sínu til að fara til Íslands með orðasöfn sín með það að markmiði að ljúka við aðalritstjórn orðabókarinnar. Fékk hann góðan styrk til verksins og gat ráðið hóp fólks í ritstjórnarvinnuna. Helstu samverkamenn hans á Íslandi voru þeir Holger Wiehe, sem m.a. las yfir dönsku orðskýringarnar, og Jón Ófeigsson sem frá 1917 var hægri hönd Sigfúsar, hafði yfirumsjón með próförkum og prentun og sá um hljóðritun. Sigfús titlar hann meðritstjóra sinn í formála orðabókarinnar.



Sigfús Blöndal (1874–1950) hélt til náms við Kaupmannahafnarháskóla árið 1892 þar sem hann lauk kandídatprófi. Árið 1901 hóf hann störf sem bókavörður við Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn og starfaði þar til 65 ára aldurs. Íslensk–dönsk orðabók er það verk sem hefur haldið nafni hans lengst á lofti.

Til hægri: Sigfús Blöndal ásamt samverkamönnum sínum við orðabókina. Á myndinni eru frá vinstri, aftari röð: Pétur Sigurðsson mag.art. háskólaritari, Steinþór Guðmundsson kennari, Björn Karel Þórólfsson skjalavörður, Anna Bjarnadóttir kennari, Sr. Árni Sigurðsson fríkirkjuprestur, Þórbergur Þórðarson rithöfundur. Fremri röð: Holger Wiehe, Sigfús Blöndal bókavörður og Jón Ófeigsson þýskukennari. Myndin var tekin á Íslandi 1917–18. Björg var þá í Kaupmannahöfn.

ÍSLENSK-DANSKUR ORÐABÓKARSJÓÐUR


Vinna við orðabók er seinlegt þolinmæðisverk og því fengu þau Sigfús og Björg að kynnst. Allt tók lengri tíma en þau höfðu áætlað. Styrkja tókst að afla frá danska kirkju- og kennslumálaráðuneytinu átta fyrstu árin og Carlsberg-sjóðurinn styrkti verkið einnig um árabíl. Árið 1917 fékkst danskur ríkisstyrkur til að ljúka verkinu og fyrir hann var unnt að ráða aðstoðarfólk í Reykjavík. En meira fé vantaði og árið 1919 fékk Björg þá hugmynd að „orðabókin ætti að eiga sig sjálf“. Með því átti hún við að allt það fé sem aflaðist fyrir sölu bókarinnar skyldi renna í sérstakan sjóð, Hinn íslensk-danska orðabókarsjóð.



Björg Caritas Þorláksdóttir (1874–1934) hélt til Kaupmannahafnar árið 1897 og hóf þar kennaranám sem hún lauk aldamótaárið 1900. Björgu dreymdi um frekara nám og innritaðist í Hafnarháskóla haustið 1901 en tafir urðu á náminu vegna starfa hennar við orðabókina. Síðar á ævinni lauk Björg doktorsprófi, fyrst íslenskra kvenna.




Þau Sigfús sömdu stofnskrá fyrir sjóðinn og Björg skrifaði bæklinginn *Ísland skapar fordæmi* þar sem sjóðshugmyndin var kynnt og sömuleiðis stofnskráin. Tókst Björgu að ná sambandi við allmarga þingmenn, dreifa bæklingnum og tala fyrir stofnun sjóðsins. Hann varð að veruleika og fyrir fé úr sjóðnum er nú orðin til rafræn útgáfa orðabókarinnar, öllum opin og aðgengileg endurgjaldslaust á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (<http://blondal.arnastofnun.is/>).



Þrír af starfsmönnum stafræna verkefnisins: Árni Davíð Magnússon, Salome Lilja Sigurðardóttir og Oddur Snorrason. (Ljósmynd: Jóhanna Ólafsdóttir.)

ÍSLENSK-DANSKUR ORÐABÓKARSJÓÐUR



 Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

STOFNUN ÁRNAS MAGNÚSSONAR
í íslenskum fræðum

Höfundur texta: Guðrún Kvaran
Verkefnisstjórn Blöndalsorðabókar:
Halldóra Jónsdóttir, Steinþór Steingrímsson, Þórdís Úlfarsdóttir.
Umsjón af hálfu Landsbókasafns: Ólafur J. Engilbertsson, Rakel Adolphsdóttir.
Október 2020